



FRÉTTABRÉF

Verkalýðsfélags Akraness

Desember 2012

Netfang: vlfa@vlfa.is • Heimasíða www.vlfa.is



Verðtryggingin fyrir dómstóla

Ljósmynd: Þórarinn Jónsson

Stjórn og trúnaðarráð Verkalýðsfélags Akraness ákvað nú fyrir skemmstu að láta á það reyna fyrir dómstólum hvort verðtrygging standist lög hér á landi eða ekki. Ákveðið var að ráðast í þennan málarekstur vegna þess að íslensk stjórnvöld ætla sér ekki að leiðrétta þá stökkbreyttu hækkun sem orðið hefur á verðtryggðum húsnæðislánnum frá hruni heldur hafa stjórnvöld tekið ákvörðun um að slá skjaldborg um fjármálastofnanir, erlenda vogunarsjóði og aðra aðila sem fjármagnið eiga í þessu landi.

Það er sorglegt til þess að vita að verðtryggingin skuli vera varin bæði af stjórnvöldum og forystu Alþýðusambands Íslands. Að mati stjórnar og trúnaðarráðs VLFA er afnám verðtryggingar á neytendalánnum eitt helsta hagsmunamálið sem brennur á íslenskum heimilum, en vegna verðtryggingarinnar hafa verðtryggðar skuldir heimilanna hækkað um hátt í 400 milljarða frá 1. janúar 2008 til dagsins í dag.

Það er ekki hægt að horfa upp á það lengur að verðtryggingin fari eins og skýstrókur um íslensk heimili, sög allan eignarhluta í burtu og færi hann yfir til fjármálastofnana og erlendra vogunarsjóða og á sama tíma sé íslenskum heimilum fórn að á altari verðtryggingarinnar.

Málið er í fullum undirbúningi og er þingfesting áætluð fyrir júl. Látið verður reyna á svokallaðar MiFid reglur sem tóku gildi 1. nóvember 2007, en samkvæmt þeim reglum er óheimilt að lána flókna fjármálagerninga, svokallaðar afleiður, til einstaklinga.

Í ljósi þess að hér er um gríðarlega mikla hagsmuni að ræða fyrir alþýðu þessa lands og málið snertir alla félagsmenn innan ASÍ ákvað VLFA að leita eftir fjárstuðningi frá ASÍ vegna málsins. Það er skemmst frá því að segja að ASÍ hafnaði fjárstuðningi við þessa mikilvæga hagsmunamál.

Hins vegar lítur út fyrir að VLFA muni einungis bera um 50% af málskostnaðinum því fjölmargir einstaklingar og nokkur stéttarfélög hafa lagt málinu lið. Þessi stéttarfélög eru Framsýn á Húsavík, Sjómannafélag Íslands, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri, Verkalýðsfélag Grindavíkur og Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur.

Stjórn Verkalýðsfélags Akraness kann þessum einstaklingum og stéttarfélögum kærar þakkir fyrir þennan frábæra stuðning, enda er þetta eitt brýnasta hagsmunamál alþýðu þessa lands.



Skrifstofa félagsins

Skrifstofa Verkalýðsfélags Akraness er að Sunnubraut 13. Opíð er alla virka daga frá kl. 08:00 - 16:00. Utan afgreiðslutíma er hægt að ná í formann félagsins, Vilhjálmmur Birgisson, í síma 8651294.

Starfsmenn skrifstofu

Vilhjálmmur Birgisson
formaður
vilhjalmur@vlfa.is • 4309902

Björg Bjarnadóttir
skrifstofufulltrúi
bjorg@vlfa.is • 4309906

Dagbjört Guðmundsdóttir
skrifstofufulltrúi
dagbjort@vlfa.is • 4309903

Inga Maren Ágústsdóttir
skrifstofufulltrúi
inga@vlfa.is • 4309905

Kristín Björg Jónsdóttir
starfsendurhæfingarráðgjafi
kristin@vlfa.is • 4309904

Fréttabréf Verkalýðsfélags Akraness

Nr. 15 • 8. árgangur • desember 2012

Útgefandi: Verkalýðsfélag Akraness

Sími: 4309900 Fax: 4309901

Netf.: skrifstofa@vlfa.is

Ábm.: Vilhjálmmur Birgisson

Umsjón: Björg Bjarnadóttir

Prentun: Prentmet Vesturlands

Ávarp formanns

Öll höfum við fundið fyrir þeim blóðuga niðurskurði sem átt hefur sér stað hjá ríkissjóði en fram hefur komið í fréttum að sá niðurskurður nemi um 116 milljörðum frá hruni. Þessi niðurskurður hefur meðal annars verið í heilbrigðisþjónustunni, löggæslunni, menntakerfinu og svo framvegis. Samkvæmt heilbrigðisstarfsmönnum hefur niðurskurðurinn meðal annars leitt til þess að öryggi þeirra sem á lækniþjónustu þurfa að halda er ógnað.



Vilhjálmmur Birgisson,
formaður VLFA

Þessum blóðuga niðurskurði hefur almenningur svo sannarlega fundið fyrir en það er annar blóðugur niðurskurður sem ekki hefur verið jafn sýnilegur almenningi nema þeim sem hafa hafið töku á sínum lífeyri. Þessi niðurskurður sem ég er að tala um eru skerðingar sem lífeyrissjóðirnir eru búnir að beita sína sjóðsfélaga frá hruni. Lífeyrisréttindi fólks á hinum almenna vinnumarkaði, það er að segja sjóðsfélaga innan ASÍ, hafa verið skert um sem nemur 130 milljörðum frá hruni. Þessi skerðing á lífeyrisréttindum verkafólks er 14 milljörðum meiri heldur en heildarniðurskurður íslenska ríkisins á sama tímabili. Málið er einfaldlega með þeim hætti að staða lífeyrissjóðskerfisins er grafalvarleg en kerfið vantar í heild sinni um 700 milljarða svo það geti staðið við sínar skuldbindingar. Þar af vantar lífeyrissjóði innan ASÍ rúma 100 milljarða þrátt fyrir að þeir hafi skert réttindi hjá sínum sjóðsfélögum um 130 milljarða eins og áður sagði. Það er þyngra en tárur taki að hlusta á forsvarsmenn lífeyrissjóðskerfisins tala um að við séum með eitt besta lífeyriskerfi í heimi í ljósi þeirrar bláköldu staðreyndar að kerfið vantar 700 milljarða eins og áður hefur komið fram til að geta staðið við skuldbindingar gagnvart sjóðsfélögum sínum. En eins og flestir vita þá töpuðu lífeyrissjóðirnir 500 milljörðum af lífeyri launafólks með glórulausum fjárfestingum í fyrirtækjum tengdum útrásinni og stigu lífeyrissjóðirnir þá trylltan dans í hluta- og skuldabréfakaupum.

Það er morgunljóst að það þarf að fara yfir lífeyrissjóðskerfið í heild sinni í ljósi slæmrar stöðu sjóðanna og sérstaklega vegna þess að til stendur að hækka iðgjöld í lífeyrissjóðina á hinum almenna vinnumarkaði úr 12% í 15,5% á næstu árum. Ég vil vara eindregið við slíkum áformum því það er algjört lágmark að forsvarsmenn lífeyrissjóðanna sýni fram á sjálfbærni sjóðanna áður en launafólk er látið leggja meira fé inn í þessa hit.

Það er einnig grafalvarleg staðreynd að stjórnmalamenn og sveitarstjórnarmenn vita af þeirri alvarlegu stöðu sem lífeyriskerfið á opinbera markaðnum er í en lífeyrissjóð LSR og sveitarfélaga vantar samtals um 600 milljarða til að geta staðið við sínar skuldbindingar og mun það skella af fullum þunga á skattgreiðendum á komandi árum og áratugum. Þetta er vandamál sem verður að taka á og ég myndi vilja sjá að fengnir yrðu óháðir aðilar til að yfirfara þetta kerfi og leggja fram tillögur til úrbóta. Það er ljóst að kerfið getur ekki gengið svona fyrir sig lengur og eins og hér hefur verið rakið er það alls ekki sjálfbært þrátt fyrir að menn haldi öðru fram. Ábyrgð sveitarstjórnarmanna og þingmanna í þessu máli er mikil.

Ég vil að lokum óska félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Félagsskírteini



Nú í desember mun félagsmönnum berast félagsskírteini frá VLFA. Kortinu ber að framvísa þegar nýta á afsláttar- og sérkjör hjá samstarfsaðilum Verkalýðsfélags Akraness. Undantekning eru sérkjör hjá Olís og N1, þar þarf að sækja um viðskiptakort eða lykil. Þessi sérkjör eru kynnt betur á bls. 7.

VLFA á Facebook

Á Facebook geta félagsmenn látið sér „líka við“ Verkalýðsfélag Akraness og þar með fengið aðgang að ýmsum upplýsingum um starfsemi félagsins, fundi og aðra viðburði ásamt upplýsingum um þá þjónustu sem félagið veitir.

Á síðunni er reynt eftir föngum að minna á umsóknir um styrki, lausa bústaði, kynningar og slíkt.



Launahækkunar

Samkvæmt flestum gildandi kjarasamningum eiga laun að hækka fljótlega á nýju ári og eru félagsmenn hvattir til að fylgjast vel með því á launaseðlum og gera athugasemdir ef misbrestur verður á því. Skrifstofa félagsins veitir fúslega frekari upplýsingar og aðstoð ef óskað er og skulu félagsmenn ekki hika við að hafa samband ef þörf er á.

Hækkunar eiga að taka gildi eins og hér segir:

Samningur	Dagsetning
Almennir	01.02.2013
Samiðn	01.02.2013
Ríkið	01.03.2013
Sveitarfélög	01.03.2013
Elkem Ísland	01.02.2013
Klafi	01.02.2013
Norðurál	01.01.2013

Desemberuppþót

Verkalýðsfélag Akraness hvetur félagsmenn til að fylgjast vel með því að desemberuppþót skili sér rétt. Desemberuppþót skal greiða eigi síðar en 15. desember ár hvert miðað við starfshlutfall og starfstíma, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfelld í starfi í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi fyrstu viku í desember.

Upphæð desemberuppþótar er mismunandi eftir kjarasamningum. Helstu upphæðir eru:

• Almennur vinnumarkaður	kr. 50.500,-
• Samiðn	kr. 50.500,-
• Ríkið	kr. 50.500,-
• Sveitarfélög	kr. 78.200,-
• Elkem og Klafi	kr. 141.971,-
• Norðurál	kr. 146.522,-

Vissir þú að...

...eftir eins árs starf hjá sama vinnuveitanda teljast fjarvistir vegna lögbundins fæðingarorlofs til starfstíma við útreikning desember- og orlofsuppþótar?

Nýtt orlofshús



Í sumar festi Orlofssjóður VLFA kaup á orlofshúsi við Efstaás í Eyrarskógi. Um er að ræða 65,7 fermetra hús byggt árið 2002 sem stendur í fallegu umhverfi í landi Kambshóls í Svínadal.

Húsið er á tveimur hæðum, uppi eru tvö svefnherbergi og eitt til viðbótar er á neðri hæð. Sængur og koddar eru fyrir 8 manns. Í kringum húsið er góður pallur með heitum potti. Fyrsti leigjandinn gisti í húsinu um miðjan júlí og hafa allar helgar verið vel nýttar síðan þá.

Orlofssjóður VLFA á nú og rekur tvö orlofshús í Svínadal auk orlofshúsa í Húsafelli, Ölfusborgum, Hraunborgum og Kjós og þrjár íbúðir á Akureyri.

Fosshótel



Á skrifstofu Verkalýðsfélags Akraness geta félagsmenn keypt gistimiða á Fosshótel. Fosshótel er keðja 9 hótela um allt land en athygli er vakin á því að tvö hótelanna eru staðsett í Reykjavík: Fosshótel Lind á Rauðarárstíg og Fosshótel Barón á Barónsstíg. Félagsmenn hafa sérstaklega verið að nýta þessi hótél í tengslum við árshátíðir og aðrar skemmtanir eða í helgarferðir til höfuðborgarinnar.

Til áramóta kostar gistimiðinn kr. 5.000 og gildir fyrir tveggja manna uppabúið herbergi með baði og morgunmat. Félagsmenn bóka sjálfir gistinguna og taka fram að greitt verði með gistimiða sem þeir síðan kaupa á skrifstofu VLFA. Miðað er við að hver félagsmaður geti að hámarki keypt fimm gistimiða á ári.

Myndir úr dagsferð



Strandarkirkja



Björgólfur, Þorsteinn og Elías á Salthúsinu



Vikingaskipið Íslendingur



Kristín Þorsteinsdóttir, Lóa Guðrún Gísladóttir og Kolbrún Leifsdóttir



Sólberg Björnsson og Haukur Benediktsson



Forseti Íslands býður Sigurbjörgu Kristjánsdóttur velkomna til Bessastaða

Ferð „eldri deildar“ VLFA

Miðvikudaginn 12. september héldu eldri félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness ásamt mökum í sína árlegu dagsferð á vegum félagsins.

Í ár var ferðinni heitið í suðurátt undir dyggri leiðsögn Björns Inga Finsen. Þátttakendur voru 115 talsins og var ekið í tveimur rútum suður Hvalfjarðargöng eftir Vesturlandsvegi og síðan til austurs yfir Mosfellsheiði og Grafninginn meðfram Þingvallavatni. Veður var mun betra en veðurspár höfðu gefið vonir um og gat ferðafólk notið haustlitanna og fagurrar fjallasýnar.

Fyrsti áningarstaður var Strandarkirkja í Selvogi en þar tók Silvía Ágústsdóttir kirkjuvörður á móti hópnum og sagði aðeins frá sögu kirkjunnar en fjölmargar helgisagnir eru henni tengdar og hefur hún verið vinsæl til áheita.

Frá Strandarkirkju var ekið áfram vestur hinn nýja Suðurstrandarveg til Grindavíkur þar sem hópsins beið hádegisverður í Salthúsinu. Þar fengu sumir sæti í Paradís á meðan aðrir gengu inn um Gullna hliðið og gerðu veitingunum góð skil.

Eftir hádegisverð og rjúkandi kaffisopa í Grindavík var haldið til Víkingaheima í Reykjanesbæ, en það safn tekur á nýstárlegan hátt fyrir þátt Íslands í landafundum Norður-Ameríku. Þar má finna víkingaskipið Íslending sem sigldi til Ameríku sumarið 2000 og einnig eru fleiri sýningar í húsinu sem tengjast sögu víkinga í Norður-Atlantshafi. Þegar Víkingaheimar höfðu verið skoðaðir var haldið út á Reykjanesbraut, í gegnum Hafnarfjörð og út á Álftanes því komið var að hápunkti ferðarinnar, en

ferðafólk hafði mælt sér mót við forseta Íslands á Bessastöðum.

Móttakan á Bessastöðum var með miklum glæsibrag, en þar tók Hr. Ólafur Ragnar Grímsson á móti hópnum, heilsaði hverjum og einum með handabandi og bauð upp á hressingu. Forsetinn ávarpaði hópinn og rifjaði m.a. upp brot úr sögu Bessastaða sem full er af andstæðum og minnti fólk á hversu stuttur tími er í raun liðinn frá því Jón Hreggviðsson sat í varðhaldi í dýflissu á Bessastöðum á 17. öld og Fjölnismenn og aðrir leiðtogar sjálfstæðisbaráttu Íslendinga fengu sitt veganesti í Latínuskólanum á Bessastöðum á 19. öld.

Eftir gott spjall við forsetann var hópnum gefinn kostur á að skoða hið sögufræga hús hátt og lágt undir leiðsögn forsetans og hans góða starfsfólks, eða eins og forsetinn orðaði það: „látið bara eins og heima hjá ykkur“.

Það var stoltur og ánægður hópur sem kvaddi Bessastaði og hélt inn í Reykjavík þar sem boðið var upp á síðdegishressingu á Múlakaffi áður en haldið var upp á Skaga.

Þykir ferðin í ár hafa heppnast afar vel og kann félagið öllum þeim sem að undirbúningi og framkvæmd hennar komu bestu þakkir fyrir. Sérstakar þakkir fær hinn fróði Björn Ingi Finsen sem miðlaði sögum og fróðleik og leiddi hópinn af miklum myndarskap eins og honum einum er lagið.



Henný Nielsen, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson og Þórarinn Gunnlaugsson



Hr. Ólafur Ragnar Grímsson og Vilhjálmur Birgisson



Gjöf frá Akranesi



Hr. Ólafur Ragnar Grímsson ávarpar hópinn



Fornleifar á Bessastöðum

HVE - Félagsdómur



Um miðjan nóvember kvað Félagsdómur upp úrskurð í máli VLFA gegn Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE). Málavextir voru þeir að HVE sagði upp greiðslu vaktaálags í helgidagafríum frá og með 1. janúar 2011, en í kjarasamningi kveður á um að starfsmaður sem vinnur á reglubundnum vöktum alla daga ársins geti fengið frí á

óskertum föstum launum í 88 vinnuskyldustundir á ári miðað við fullt starf í heilt ár.

HVE vildi meina að vaktaálag starfsmanna væri ekki hluti af föstum launum þeirra. Þessu mótmælti Verkalýðsfélag Akraness harðlega og taldi þetta vera skýrt brot á gildandi kjarasamningi. Félagsdómur staðfesti að skilgreining VLFA var rétt og hefur nú verið viðurkennt að vaktaálag sé hluti af föstum launum starfsmanna og eigi því að koma til greiðslu í helgidagafríum.

Verkalýðsfélag Akraness harmar það að heilbrigðisstofnanir og Fjármálaráðuneytið skuli oft og tíðum leita sparnaðar með því að höggva í þá sem síst skyldi, en þeir starfsmenn sem um ræðir í þessu máli starfa við ræstingu, mótuneyti og bítibúr. Allt eru þetta láglaunastörf og því ekki af miklu að taka. Verkalýðsfélag Akraness er afar ánægt með niðurstöðu þessa dóms, enda er það stefna stjórnar VLFA að verja með kjafti og klóm öll þau réttindi sem tilheyra félagsmönnum VLFA og er ekki horft í krónur og aura þegar sú hagsmunagæsla er annars vegar.

Bónuskerfin virka vel

Í síðustu kjarasamningum var lögð töluverð áhersla á að lagfæra bónuskerfi í stóriðjunum á Grundartanga. Það er óhætt að segja að þetta hefur tekist nokkuð vel ef marka má meðaltal þess bónuss sem starfsmenn hafa verið að fá frá því að kjarasamningarnir voru gerðir.

Hjá Elkem hefur bónusinn verið að gefa 11,23% að meðaltali en hámarksbónus er 13,5%. Hjá Norðuráli hefur bónusinn verið að gefa tæp 9% en hámarksbónusinn er 11,25%. Bónusinn leggst ofan á öll laun starfsmanna og því skiptir gríðarlega miklu máli að hann virki eins og hann á að gera bæði til hagsbóta fyrir starfsfólk og fyrirtækin.

Þörf á hagsmunagæslu

Nýverið fékkst niðurstaða í tvö mál sem skrifstofa félagsins hefur verið að vinna í að undanförunu. Í báðum tilfellum var um það að ræða að starfsmönnum hafði verið sagt upp og áttu þeir ekki að fá greidd laun í uppsagnarfresti. Eftir nokkurra vikna baráttu tókst að fá fyrirtækið til að hverfa frá því og skilaði sú barátta þessum félagsmönnum tæpum þremur milljónum króna.

Alltof oft er þörf á hagsmunagæslu af þessum toga því leikurinn á milli launþegans og atvinnurekandans er oft ójafn þegar ágreiningur er um kaup og kjör.

Það er gaman að geta þess að frá því núverandi stjórn VLFA tók við 19. nóvember 2003 hefur hagsmunagæsla af þessum toga skilað félagsmönnum samtals yfir 200 milljónum.

Vissir þú að...

...á heimasíðu Verkalýðsfélags Akraness, www.vlfa.is, er að finna alla þá kjarasamninga sem félagið á aðild að? Við mælum með því að félagsmenn kynni sér þann kjarasamning sem þeir vinna eftir og hafi samband við skrifstofu félagsins ef spurningar vakna.



Vissir þú að...

...vaktavinnufólk á rétt á vetrarfrii? Þetta á til dæmis við um starfsfólk í vaktavinnu á þjónustustöðvum, gisti- og veitingahúsum og hliðstæðri starfsemi. Vegna vinnu á helgi- og tyllidögum sem falla á mánudaga til föstudaga vinnur starfsfólk sér inn 12 vetrarfrisdaga miðað við ársstarf. Kannaðu málið, það geti borgað sig!

Sérkjör og afslættir fyrir félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness

Nú gildir Félagsskírteini Verkalýðsfélags Akraness sem afsláttarkort hjá fjölda fyrirtækja og þjónustuaðila á Akranesi. Þetta samstarf hefur gengið frábærlega og hefur mikill fjöldi félagsmanna notið góðs af þeim sérkjörum sem samstarfsaðilarnir bjóða.

Að sjálfsgöðu verður framhald á þessu samstarfi og nú hafa ennþá fleiri samstarfsaðilar bæst í hópinn.



Samstarfsaðilar Verkalýðsfélags Akraness eru:

Apótek Vesturlands: 10% afsláttur af vörum í búð (ekki lyfjum)

Bifreiðaverkstæðið Brautin: 7% afsláttur af vinnu

Bílar og dekk: 10% afsláttur af dekkjum

Dekur snyrtistofa: 10% afsláttur af allri þjónustu og vörum

Gallerí Ozone: 10% afsláttur

Omnis: 15% afsláttur af skólavörum, skrifstofuvörum og bleki, 5% afsláttur af tölvum og öðrum vörum

LH Bókhald: Lilja Halldórsdóttir viðurkenndur bókari, 15% afsláttur af vinnu við bókhald og skattframtalagerð

Model: 5-10% afsláttur af ýmsum vörum, blómum, gólfefnum og tækjum, sjá nánar á www.vlfa.is

N1: Umtalsverður afsláttur á eldsneyti, vörum og þjónustu. Sækja þarf um sérstaklega, sjá nánar á www.vlfa.is

Olís: Umtalsverður afsláttur á eldsneyti, vörum og þjónustu. Sækja þarf um sérstaklega, sjá nánar á www.vlfa.is

Ormsson: 5-10% afsláttur af ýmsum vörum

Rafþjónusta Sigurdórs: 5% afsláttur af vinnu og 10% afsláttur af efni

Sigurður Þór Elísson, ökukennari: 10% afsláttur af ökukennslu til félagsmanna og barna þeirra

Trésmiðjan Akur: 7% afsláttur af vinnu

Tryggingafélagið VÍS: 5% afsláttur af iðgjöldum óháð öðrum afsláttarkjörum sem félagsmenn kunna að hafa



Verkalýðsfélag Akraness

Sunnubraut 13 • 300 Akranes • Sími 430 9900 • Fax: 430 9901 • skrifstofa@vlfa.is

100 funda stjórn



Um miðjan nóvember kom stjórn Verkalýðsfélags Akraness saman til fundar og markaði sá fundur ákveðin tímamót þar sem þetta var 100. fundur núverandi stjórnar. Þetta eru vissulega merkileg tímamót í ljósi alls þess sem gekk á áður en stjórnin tók við en eins og

félagsmenn muna voru átökin mikil í félaginu á árunum 2000 til 2003 og enduðu þau með því að Alþýðusamband Íslands yfirtók félagið og skipaði því starfsstjórn. Eftir allsherjar atkvæðagreiðslu seint á árinu 2003 með þátttöku tæplega 90% félagsmanna var niðurstaðan skýr og ný stjórn undir forystu núverandi formanns náði kjöri. Þessari stjórn hefur á 9 árum tekist að byggja upp fjárhagslega sterkt og sjálfstætt félag, en félagssjóður var fjárvana og rekinn á yfirdrætti þegar ný stjórn tók við. Félaglega hefur einnig orðið alger viðsnúningur, en réttindi til félagsmanna hafa verið stóraukin og félagsmönnum fjölgar ár frá ári. Stjórnin er stolt af árangrinum en er hvergi nærri hætt enda næg verkefni fyririggjandi þegar kemur að því að bæta réttindi og kjör félagsmanna VLFA.

Styrkur til afrekskonu



Á 100. fundi sínum ákvað stjórn Verkalýðsfélags Akraness að styrkja unga afrekskonu á Akranesi, Ingu Elínu Cryer um kr. 100.000. Inga Elín var kjörin Íþróttamaður Akraness árið 2011 og er handhafi fjögurra Íslandsmeta í sundi. Styrkinn nýtti hún til að komast til Frakklands á EM í sundi þar sem hún náði frábærum árangri. Til hamingju Inga Elín!

Vissir þú að...

...félagsaðild er frjálst á Íslandi? Starfsmaður getur gengið í það stéttarfélag sem hann kys, svo framarlega sem það félag á aðild að kjarasamningi sem gildir um starf hans. Verkalýðsfélag Akraness á aðild að yfir 15 kjarasamningum og gildissvið þeirra er afar vítt.

Ársfundur ASÍ

Dagana 17. til 19. október sl. var 40. þing Alþýðusambands Íslands haldið í Reykjavík. Verkalýðsfélag Akraness átti sex fulltrúa á þessu þingi og lagði fram þrjár tillögur. Athygli vakti að af 50 aðildarfélögum ASÍ var VLFA eina félagið sem lagði fram tillögur. Tillögurnar voru þessar:

1. Breyting á lögum ASÍ þannig að forseti ASÍ verði kosinn í allsherjar atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna ASÍ, en ekki aðeins á meðal fulltrúa ársþings sambandsins eins og nú er.
2. Ályktun um afnám verðtryggingar.
3. Tillaga um að fyrirhuguð hækkun iðgjalda í lífeyrissjóði úr 12% í 15,5% á næstu árum renni í séreign launafólks en ekki í samtryggingarsjóðina.

Það er skemmst frá því að segja að þessar tillögur voru allar felldar, ályktunin um afnám verðtryggingar reyndar naumlega en hinar með meiri mun.

Athygli vakti að tillögur VLFA féllu í grýttan jarðveg hjá miðstjórn ASÍ því í fundargerð fyrsta fundar miðstjórnar eftir þingið kom fram gagnrýni á ákveðinn aðila sem hefði tekið þingið „í gíslingu með endalausum og síendurteknum ræðuhöldum sem tekið hefðu upp mikinn tíma, tafið



þingstörfin og haft áhrif á möguleika annarra til að tjá sig“. Greinilegt er að þarna er átt við Vilhjálm Birgisson, formann VLFA og flutningsmann tillagnanna þriggja. Ekki bar forysta ASÍ upp málefnalega gagnrýni á réttum vettvangi fyrir slíka umræðu, það er á þingi ASÍ, heldur gagnrýndi málflutninginn inni á lokuðum fundi miðstjórnar þar sem formaður VLFA var ekki til andsvara. Það er ekki að furða að önnur félög hafi ekki lagt í að bera upp tillögur á þessu þingi, ef þetta eru viðbrögð miðstjórnar ASÍ.

Þess ber að geta að þingforsetinn, Ásgerður Pálsdóttir, hefur vísað því alfarið á bug sem segir í fundargerðinni og staðfest að formaður VLFA hafi í öllu farið eftir þeim reglum og fundarsköpum sem gilda á þingi ASÍ. Annað eigi sér ekki stöð í raunveruleikanum.

Í rannsóknarskýrslu Alþingis kom fram að eitt af aðalvandamálum íslensks samfélags væri hjarðhegðun og foringjaræði. Þetta hefur verið viðvarandi vandamál á þingum ASÍ og sást vel á þessu þingi, því niðurstöður kosninga um tillögur VLFA gengu þvert á vilja hins almenna félagsmanns sem hefur ítrekað birst í þeim könnunum sem gerðar hafa verið um málið.

Hvað gerir félagið fyrir þig?



Félagssjóður:

- Gerð og túlkun kjarasamninga • Lögfræðiráðgjöf
- Innheimta vangreiddra launa • Aðstoð við varðveislu áunninna réttinda



Sjúkrasjóður:

- Sjúkradagpeningar • Fæðingarstyrkur
- Heilsueflingarstyrkur • Gleraugnastyrkur
- Heyrnartækjastyrkur • Dánarbætur • Styrkur vegna heilsufarsskoðana • Styrkur vegna glasa-, tækni- og vélvæðingunar eða ættleiðingar • Styrkur vegna meðferðar hjá sálfræðingum
- Styrkur vegna göngugreiningar og innleggjakaupa



Orlofssjóður:

- Orlofshús, sumar- og vetrarleiga • Veði- og Útilegukort með 50% afslætti • Ódýrari gisting á Fosshótelum og Edduhótelum • Frír aðgangur að tjaldsvæðinu í Svínadal og veiði í vötnunum þremur • Ódýrari ferðir í Hvalfjarðargöng og með Herjólfli • Ferð í boði félagsins fyrir eldri félagsmenn



Vinnudeilusjóður:

- Styrkir í verkföllum eða verkbönum



Fræðslusjóður:

- Styrkir vegna náms sem eykur möguleika á vinnumarkaði 75% af kostnaði upp að kr. 60.000 • Meirapróf er styrkt um kr. 100.000 • Tólmstundanám er styrkt um 50%, þó aldrei meira en um kr. 18.000



*Óskum félagsmönnum
Verkalýðsfélags Akraness
gleðilegra jóla og farsæls nýs árs*

BIFREIÐASTÖÐ ÞÞÞ

Dalbraut 6 • 431 1500

BRAUÐVAL

Vallholti 5 • 434 1413

BIFREIÐAVERKSTÆÐIÐ BRAUTIN

Dalbraut 16 • 431 2157

BLIKKSMIÐJA GUÐMUNDAR

Akursbraut 11 • 431 2288

EFLING STÉTTARFÉLAG

Satúni 1 • 510 7500

GARÐAKAFFI

Görðum • 431 5566



Sjómenn athugið!

Aðalfundur Sjómannadeildar Verkalýðsfélags Akraness verður haldinn föstudaginn 28. desember nk. kl. 14:00 í fundarsal félagsins að Sunnubraut 13.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Sjómenn eru eindregið hvattir til að mæta. Kaffiveitingar í boði.


Virk - Starfsendurhæfingarsjóður



Í júní síðastliðnum tók Kristín Björg Jónsdóttir til starfa á skrifstofu Verkalýðsfélags Akraness. Hún er ráðin í afleysingar til eins árs og sinnir starfi ráðgjafa á sviði starfsendurhæfingar. Kristín býður félagsmönnum allra stéttarfélaganna á Akranesi þá þjónustu í samstarfi við VIRK starfsendurhæfingarsjóð. Hlutverk VIRK er að draga markvisst úr líkum á því að starfsmenn hverfi af


vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni og eflingu starfsendurhæfingar. Ráðgjafar VIRK eru í samstarfi við ýmsa aðila og þar má til dæmis nefna heimilislækna og aðra meðhöndlandi lækna, endurhæfingarstofnanir og aðrar heilbrigðisstofnanir, stéttarfélög, atvinnurekendur, Tryggingarstofnun ríkisins, Vinnumálastofnun og félagsþjónustu sveitarfélaganna. Mikilvægt er að byggja upp gott og árangursríkt samstarf við þessa aðila þar sem markmiðið er að tryggja einstaklingum nauðsynlega og viðeigandi þjónustu sem veitt er af réttu aðila á réttum tíma.

Framfærslustaða við upphaf og lok þjónustu Akranes



Frá upphafi hafa 4002 notið þjónustu ráðgjafa VIRK á landsvisu, á Akranesi er fjöldinn um 109 manns. Í súluritinu hér að ofan má sjá hvernig framfærslu einstaklinga á Akranesi var háttað við upphaf (bláa súla) og lok (rauða súlan) þjónustu. Sjá má að við útskrift er framfærsla 70% einstaklinga laun á vinnumarkaði eða atvinnuleysisbetur.

Hver vísaði á þjónustu VIRK á Akranesi?



Á skrifuritinu má sjá hvaðan tilvisanir í þjónustu hjá ráðgjafa VIRK á Akranesi koma. Þar má sjá að heimilislæknar vísa flestum einstaklingum í þjónustu eða í um 34% tilvika.

Óskum félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness gleðilegra jóla og farsæls nýs árs

ÍSLANDBANKI
Dalbraut 1 • 440 4000

NORÐANFISKUR
Vesturgötu 5 • 430 1700

SJÓNGLERIÐ
Skólalbraut 25 • 431 1619

SKAGAVERK
Smiðjuvöllum 22 • 431 2345

SMURSTÖÐ AKRANESS
Smiðjuvöllum 2 • 431 2445

ÚTILEGUKORTIÐ
Víkurbvarfi 6 • 552 4040

VEIÐIKORTIÐ
Kleifarseli 5 • 517 4515

VERSL. EINAR ÓLAFSSON
Skagabraut 9-11 • 431 2015

VÍS AKRANESI
Kirkjubraut 40 • 560 5075

Vissir þú að...

...Verkalýðsfélag Akraness gefur út dagbók? Hún er full af fróðleik, en samt lítil og hentug til að halda utan um vaktatöflur og þessa litlu hluti sem gera lífið svo skemmtilegt. Dagbókin er fánleg á skrifstofu félagsins, Sunnubraut 13. Þú getur líka hringt í síma 4309900 og fengið dagbókina heimsenda með hraði!

MÁN.LIÐ.	MIÐ.LIÐ.	MIÐV. LIÐ.	FRIM.LIÐ.	ÞÓST.LIÐ.	LAIL.	SUN.
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

JANÚAR

Við óskum félagsmönnum
Verkalýðsfélags Akraness
gleðilegra jóla!



LAUGAFISKUR HF



NORÐURÁL
Century ALUMINUM



VIGNIR G. JÓNSSON HF



HB GRANDI



FESTA
LÍFEYRISSJÓÐUR

MODEL



Akraneskaupstaður



APÓTEK
VESTURLANDS

FOSSHOTEL
AROUND ICELAND



Trésmiðjan AKUR ehf.

PACTA
L Ö G M E N N

Kirkjubraut 12 | 300 Akranes | sími 440 7900 | www.pacta.is

Jólagjöf sem hentar öllum



Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að gefa réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og viðtakandinn velur gjöfina. Gjafakortið fæst í næsta útibúi.

